

Aðföng  
Skútuvoji 7  
104 Reykjavík

Reykjavík, 20. júní 2023  
UST202209-236/H.I.I.  
07.06.02

## Niðurstaða eftirlits með markaðssetningu og merkingum sæfivara í vöruflokkum 2 og 4 - Kröfur um úrbætur

Vísað er til meðfylgjandi bréfs Umhverfisstofnunar, dags. 29.9.2022, þar sem tilkynnt var um eftirlit hjá Stórkaupum ehf. með markaðssetningu og merkingum sæfivara í vöruflokkum 2 (sóttthreinsiefni og þörungaeyðar sem ekki eru ætluð til þess að bera beint á menn eða dýr) og 4 (vörur til sóttthreinsunar á svæðum fyrir matvæli og fóður), sbr. hlutverk Umhverfisstofnunar með framkvæmd efnalaga nr. 61/2013. Eftirlitið fór fram sama dag.

Markmið eftirlitsins var að kanna hvort vörurnar uppfylltu skilyrði um markaðsleyfi, merkingar og 95 listann, sbr. reglugerð nr. 878/2014 um sæfivörur og skilyrði um merkingar, sbr. reglugerð nr. 415/2014 um flokkun, merkingu og umbúðir efna og efnablandna sem innleiðir reglugerð (EB) nr. 1272/2008 (CLP).

Varan Desguard 20 var skoðuð í eftirlitinu og samkvæmt upplýsingum frá Stórkaupum ehf. er Aðföng birgir vörunnar. Frávik frá gildandi reglum sem fram komu í eftirlitinu eru tilgreind í meðfylgjandi eftirlitsskýrslu.

Umhverfisstofnun bendir á að samkvæmt efnalögum er óheimilt að markaðssetja vörur sem ekki uppfylla kröfur þeirra um markaðsleyfi og merkingar, sbr. 1. mgr. 35. gr. og 3. mgr. 32. gr.

**Umhverfisstofnun veitir Aðföngum frest til 11.7.2023 til að senda stofnuninni afrit af merkimiða fyrir vöruna Desguard 20.**

**Senda skal staðfestingu á úrbótum með tölvupósti á opinbert netfang stofnunarinnar, [ust@ust.is](mailto:ust@ust.is), merkt málsnúmerinu UST202209-236.**

**Fyrirliggjandi vörubirgðir skulu endurmerktar með uppfærðum merkimiða sem staðfestur hefur verið af stofnuninni.**

Umhverfisstofnun veitir Aðföngum hér með frest til 27.6.2023 til þess að koma sjónarmiðum sínum á framfæri, sbr. 13. gr. stjórnisýslulaga nr. 37/1993.

Vakin er athygli á því að í samræmi við 5. mgr. 49. gr. efnalaga mun Umhverfisstofnun birta á vefsetri sínu upplýsingar um niðurstöður eftirlits og til hvaða úrræða stofnunin hefur gripið jafnóðum og ákvarðanir um slíkt liggja fyrir. Bréf þetta og meðfylgjandi eftirlitsskýrsla verða birt á vefsetri stofnunarinnar. Telji fyrirtækið að efni í bréfinu eða eftirlitsskýrslunni varði hagsmuni sem njóta eigi leyndar skal fyrirtækið tilkynna um það til Umhverfisstofnunar með rökstuðningi fyrir 27.6.2023.

Umhverfisstofnun vekur einnig athygli á því að samkvæmt XIII. kafla efnalaga er stofnuninni heimilt að beita þvingunarúrræðum til að knýja á um framkvæmd ráðstöfunar samkvæmt lögnum, til að mynda með áminningu sbr. 55. gr., álagningu dagsekta sbr. 56. gr. og stöðvun markaðssetningar sbr. 57. og 58. gr.

Jafnframt er vakin athygli á því að samkvæmt gjaldskrá fyrir verkefni og þjónustu Umhverfisstofnunar nr. 206/2023 innheimtir stofnunin tímagjald vegna eftirfylgni eftirlits og beitingar þvingunarúrræða, sbr. 38 gr. gjaldskrárinnar.

Upplýsingar um sæfivörur má finna á [vefsíðu Umhverfisstofnunnar](#).

Fyrirtækinu er velkomið að leita til sérfræðings stofnunarinnar, Hafdísar Ingu Ingvarsdóttur, í síma 591-2000 eða í gegnum netfangið [hafdisi@ust.is](mailto:hafdisi@ust.is) til að fá nánari upplýsingar varðandi þau frávík sem málið snýst um og leiðir til úrbóta.

Virðingarfyllst,

Hafdís Inga Ingvarsdóttir  
**sérfræðingur**

Helga Ösp Jónsdóttir  
**sérfræðingur**

Meðfylgjandi: Eftirlitsskýrsla